



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 26. mars 2020
2003046SA KB/gb
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um þált. um sérstakt tímabundið fjárfestingaráttak, 699. mál

Samband íslenskra sveitarfélaga fagnar framkominni þingsályktunartillögu um sérstakt tímabundið fjárfestingaráttak til að vinna gegn samdrætti í efnahagslífi vegna heimsfaraldurs kórónuveiru.

Sambandið tekur í öllum meginatriðum undir framkomnar tillögur, sem margar eru í góðu samræmi við þær áherslur sem fram koma í umsögn sambandsins um frumvarp til fjárukalaga fyrir árið 2020 og frumvarpi um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum vegna COVID-19 veirunnar.

Þar sem þessi aðgerðapakki er unninn fremur hratt er þó mikilvægt að málið fái vandaða umfjöllun á Alþingi. Við þá umfjöllun kunna m.a. að koma fram hugmyndir að frekari aðgerðum sem stuðlað geti að bættum innviðum hér á landi. Í því samhengi vill sambandið sérstaklega minna á að eftir að Framkvæmdasjóður fatlaðra var lagður niður fyrir bráðum áratug hefur ekki verið mögulegt að leita í opinbera sjóði eftir styrkjum til að vinna að aðgengismálum fyrir fatlað fólk. Enn frekari þörf er fyrir slíkar styrkveitingar eftir að sett voru lög hér á landi um bann við mismunun, þar sem m.a. er lögð skylda á vinnuveitendur að vinna að viðeigandi aðlögun á vinnustað þar sem fatlaðir einstaklingar starfa. Verkefni af þeim toga mætti því mjög gjarnan setja í forgang og tryggja jafnframt varanlega hvernig stuðningi til slíkra verkefna verði háttað.

Nánar um einstakar aðgerðir

Viðhald og endurbætur fasteigna

Þessi aðgerðalisti felur í sér mjög jákvæðar aðgerðir en snýr eingöngu að stofnunum ríkisins. Sérstakt tilefni er til að fagna því að 100 m.kr. eru settar í uppbyggingu öryggisvistunar, sem hefur verið alllengi á teikniborðinu.

Sambandið minnir á umsögn sína um fyrrgreind frumvörp sem nú eru til umfjöllunar á Alþingi, en þar er lögð þung áhersla á að tímabundnar breytingar á lögum um virðisaukaskatt nái ekki aðeins til einkaaðila heldur einnig til sveitarfélaga.

Samgöngumannvirki

Í umsögnum sambandsins um samgönguáætlanir og fjármálaáætlanir hefur sambandið iðulega minnt á að viðhald á innanlandsflugvöllum og hafnamannvirkjum hefur verið vanrækt um langt árabíl. Það er því fagnaðarefni að sjá nú tillögur um myndarlega uppbyggingu á Akureyrarflugvelli og nýja akbraut á Egilsstaðaflugvelli. Einnig eru settar 750 m.kr. í hafnaframkvæmdir og sjóvarnir víða um land.

Vegaframkvæmdir snúa að stórum hluta að bættu umferðaröryggi, s.s. breikkun brúa og vega þar sem brýn þörf er á, ný hringtorg, viðhaldi og uppbyggingu tengivega, upplýsingagjöf um veður og færð o.fl. Þessar tillögur eru í heild afar jákvæð innspýting og ættu þær jafnframt að létta fyrir við afgreiðslu samgönguáætlana.

Orkuskipti, grænar lausnir og umhverfismál

Hér er að finna margar góðar tillögur. M.a. eru 500 m.kr. settar í orkuskipti og bindingar kolefnis með skógrækt. Sambandið vill minna á að í aðkomu sinni að gerð aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum og mótun stefnu í úrgangsmálum hefur það kallað mjög eindregið eftir átaki til að auka nýtingu metans sem unnið er á urðunarstöðum. Hér er um svo til ónýtta innlenda auðlind að ræða sem gæti m.a. nýst til þess að hraða orkuskiptum í fólks- og farmflutningum. Jákvætt væri að sjá Alþingi og ráðuneytin taka undir þessa áherslu og setja markvissa vinnu af stað, sem gæti m.a. snúið að kynningu og mótun frekari hvata til nýtingar metans.

Til átaks í fráveitumálum eru ætlaðar 200 m.kr. á þessu ári. Þessi tillaga er mikið fagnaðarefni og henni verður væntanlega fylgt eftir með lagasetningu um stuðning við fráveituframkvæmdir, ásamt myndarlegum stuðningi á ári hverju í samræmi við tillögur starfshóps sem skilaði tillögum í janúar sl. Sambandið telur mikilvægt að það fái aðkomu að nánari mótun reglna er varða fyrirkomulag stuðnings.

Einnig er jákvætt að sjá að aukið fjármagn er ætlað til uppbyggingar innviða í þjóðgörðum, á friðlýstum svæðum og á ferðamannastöðum utan þjóðgarða og friðlýstra svæða. Framundan eru mjög stór verkefni m.a. á Geysi, Jökulsárlóni, í Skaftafelli, Þjórsárdal og Landmannalaugum, svo stærstu verkefni séu nefnd, og er mikilvægt að fjármögnun þeirra verði tryggð til nokkurra ára.

Önnur innviðaverkefni

Fagnaðarefni er að sjá tillögur um auknar fjárheimildir til Ofanflóðasjóðs, alls 350 m.kr. á þessu ári. Hefur sambandið væntingar um að frekari aukning verði kynnt í næstu fjármálaáætlun, þannig að unnt verði að hraða uppbyggingu og verja allt þéttbýli sem nú er í hættu.

Undir þessum flokki tillagna eru mörg góð verkefni, þar mál m.a. nefna verkefni sem tengjast vinnu í kjölfar óveðursins í desember og að ljúka ljósleiðaravæðingu, sem er afar þarft verkefni til að tryggja jafnrétti óháð búsetu og er mikilvægi þess augljóst í því neyðarástandi sem þjóðin glímir nú við.

Rannsóknir, nýsköpun og skapandi greinar

Hér undir eru nokkur mjög jákvæð verkefni, sem snúa t.d. að nýsköpun í landbúnaði og sjávarútvegi, en eflaust væri mögulegt að nefna hér fleiri verðug verkefni. Í því samhengi má sérstaklega nefna að í drögum að stefnu í menntamálum eru taldar upp mjög margar aðgerðir sem eftir er að útfæra og fjármagna.

Sérstaklega vill sambandið benda á möguleika á því að gera nú stóráttak til að auka fjarkennslu, dreifkennslu og fjarþjónustu í leik-, grunn- og framhaldsskólum, sem einnig gæti náð til tónlistarskóla. Mikil nýsköpun er í gangi í skólumálum í því

neyðarástandi sem þjóðin glímir nú við og hljóta að vera gríðarleg tækifæri til þess að byggja á þeirri reynslu þannig að skólakerfið taki risastökk fram á við.

Stafrænt Ísland og upplýsingatækniverkefni

Undir þessum lið eru þörf verkefni og t.d. fagnaðarefni að sjá þá áherslu sem lögð er á að efla nýsköpun í heilbrigðisþjónustu og stafrænt umhverfi hennar.

Ánægjulegt er að sjá áherslu lagða á Stafrænt Ísland og upplýsingatækniverkefni og bendir Samband Íslenskra sveitarfélaga á mikilvægi þess að ríki og sveitarfélög gangi í takt varðandi eflingu þessara mála. Bent er á mikilvægi þess þegar unnið er að endurhönnun þjónustu sem snertir ríki og sveitarfélög að þá sé gengið í takt og sveitarfélög aðilar að endurhönnuninni. Mikilvægt er að passa upp á að nýsköpun og stafræn umbreyting hins opinbera sé hugsuð út frá þörfum notenda þjónustunnar og þvert á ríki og sveitarfélög og er þá samvinna og upplýsingamiðlun þar mjög mikilvæg. Til að hámarka árangur þarf að formgera samtal milli ríkis og sveitarfélaga í þessum málum því jafn mikilvægt er að sjálfvirknivæða þjónustu sveitarfélaga og vinna þvert á sveitarfélög að stafrænni framþróun.


Sambandið vill benda á að brýn þörf er á að endurnýja grunnskrár Þjóðskrár Íslands. Fasteignaskrá er t.d. orðin meira en 15 ára gömul og þarfnast endurnýjunar, ásamt því að í frumvarpi forsætisráðherra um eignarhald á landi er lögð áhersla á að efla landeignaskrá. Í [umsögn sambandsins um það frumvarp](#) í samráðsgátt er gerð krafa um að þjónustugjöld sem sveitarfélög greiða til Þjóðskrár renni óskert til stofnunarinnar. Með því að leiðrétta fjárheimildir Þjóðskrár væri væntanlega unnt að hraða vinnslu þessa verkefnis.

Lokaorð

Vart þarf að taka fram að ýmsar ábendingar sem hér eru settar fram snúa ekki nauðsynlega að fjárákalogum ársins 2020 heldur er markmið í sumum tilvikum að benda á verkefni sem fela í sér augljós tækifæri til uppbyggingar innviða og atvinnusköpunar á næstu árum. Að áliti sambandsins eru mikil tækifæri til þess að horfa víðar á innviðamál heldur en gert er í þingsályktunartillögunni og má sérstaklega benda á að fjárfesting í upplýsingainnviðum, í góðri samvinnu ríkis og sveitarfélaga, getur stuðlað að því að betra jafnvægi út frá kynjasjónarmiðum, þ.e. að leggja áherslu á að skapa atvinnu fyrir konur jafnt sem karla.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri